

Nd.

444. Frumvarp til laga

[17. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1962, um verkamannabústaði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. apríl.)

1. gr.

4. gr. 2. málgr. 3. málslíður orðist svo:
Lánsfjárhæð má vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, en þó ekki yfir 450 þúsund krónur.

2. gr.

6. gr. 4. tl. orðist svo:

Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kaupsýnisins, hafi ekki átt viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína síðastliðin tvö ár og hafi eigi haft yfir 120 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 10000 krónum fyrir hvert barn á framfæri, né yfir 250 þúsund króna skuldlausu eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við kaupgjaldsvísitölu.

3. gr.

6. gr. 8. tölul. síðasti málslíður orðist svo:

Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.